



## HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ HEILSUGÆSLAN

### FRÉTTATILKYNNING

Nr.: 4/2005

Dagsetning: 13. apríl

### Heilsugæslan – Fannborg í Kópavogi í nýtt húsnæði

Jón Kristjánsson, heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra, og fulltrúar fyrirtækisins Ris ehf undirrituðu í dag samning um nýtt húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi. Stendur húsið á brú þvert yfir gjána í Kópavogi og verður heilsugæslustöðin til húsa á efri hæðinni.

Auglýst var eftir húsnæði fyrir heilsugæsluna í október á liðnu ári. Eitt svar barst við auglýsingunni frá fyrirtækinu Risi ehf sem reisti húsið yfir gjána að Hamraborg 8 í Kópavogi. Í stað þess að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðina var ákveðið að leigja það til 25 ára.

Í nýju heilsugæslustöðinni verður starfsaðstaða fyrir 6 lækna en þar verður einnig til húsa miðstöð heimahjúkrunar fyrir Kópavog. Öll starfsemin verður á efri hæð hússins sem er rúmlega þúsund fermetrar að stærð. Með nýju húsnæði fæst stórbætt aðstaða fyrir skjólstæðinga stöðvarinnar og starfsmenn.

Heilsugæslan Kópavogi – Fannborg hefur verið til húsa í Fannborg 7 til 9 frá árinu 1980. Húsnæðið hefur verið á tveimur hæðum en er nú er orðið ónothæft fyrir rekstur heilsugæslustöðvarinnar nema með mjög miklum og kostnaðarsömum breytingum. Á þjónustusvæði stöðvarinnar eru um 10 þúsund íbúar, starfsmenn stöðvarinnar eru 38, yfirlæknir er Kristjana Kjartansdóttir og Sigríður A. Pálmadóttir, hjúkrunarforstjóri.

Í Kópavogi eru fyrir tvær heilsugæslustöðvar önnur í Salahverfi sem tekin var í notkun á síðasta ári og heilsugæslustöðin í Smárahvammi sem tekin var í notkun árið 1999. Á fáum árum er því búið að stórauka þjónustuna og endurnýja og stækka húsnæði allra heilsugæslustöðvanna í Kópavogi.

Nánari upplýsingar veitir *Guðmundur Einarsson*, forstjóri Heilsugæslunnar í síma 585 1300

<b>HEIMILISFANG</b> HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Vegmúla 3, IS-150 Sími 545 8700	<b>UPPLÝSINGAFULLTRÚI</b> HELGI MÁR ARTHURSSON Sími 545 8707 GSM 861 3819	<b>VEFFANG RÁÐUNEYTIS</b> www.heilbrigdisraduneyti.is <b>PÓSTFANG RÁÐUNEYTIS</b> postur@htr.stjr.is
------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------